

Nemendasamtöl í Giljaskóla 21. október 2020

Kæru foreldrar/forráðamenn barna í Giljaskóla. Við stöndum frammi fyrir ýmsum áskorunum í því ástandi sem nú ríkir í samfélaginu. Við gleðjumst þó yfir því að geta verið með skemmtilegt og metnaðarfullt skólastarf án takmarkana. Við höfum lagt okkur fram um að sinna sóttvörnum og munum halda því áfram. Vegna þessa ástands verða foreldrar ekki boðaðir í skólann því nauðsynlegt er að takmarka komur í skólann við nemendur og starfsfólk. Samtölin munu fara fram með hjálp fjarfundaforrits (google meet) og bindum við vonir við að það beri sama árangur og ella hefði orðið.

Nemendastýrð samtöl:

Prátt fyrir þessar takmarkanir ætlum við að þróa okkur áfram með nemendastýrð námssamtöl. Margir árgangar voru með slík samtöl á vorönn 2020 og var almenn ánægja með þau meðal nemenda, kennara og foreldra.

Markmið með nemendastýrðum samtölum er að:

- nemendur séu virkir þátttakendur í að meta eigin líðan, náms- og félagslega stöðu og ræða hana
- stuðla að ígrundun nemenda um eigið nám
- auka ábyrgð nemenda í eigin námi.
- nemendur séu betur undirbúnir að ræða um námslega stöðu sína
- auka þátttöku nemenda í ákvarðanatöku um skipulag náms.

Í grófum dráttum er skipulagið með eftirfarandi hætti:

- 1. - 3. bekkur: Nemendur eru í skólanum 8:10-12:00 í umsjá sérgreinakennara. Þeir fara til bekkjarkennara til að taka þátt í nemendastýrðu samtali við foreldra sem verða á fjarenda. Nemendur sem eru í frístund fara í mat 12:00 og síðan í Frístund, aðrir nemendur fara heim kl. 12:00. Nauðsynlegt að vera með gott nesti.
- 4. - 7. bekkur. Nemendastýrð samtöl, en útfærslur misjafnar eftir árgöngum. Nemandi og foreldrar á fjarenda. Í einhverjum tilvikum verða nemendur búnir að undirbúa myndband um nám sitt og verður það birt á Seesaw síðu nemandans.
- 8. - 10. bekkur. Samtöl fara fram ýmist með nemendum heima eða í skólanum. Foreldrar á fjarenda.


Umsjónarkennarar munu í þessari viku senda ykkur foreldrum/forráðamönnum póst varðandi nánara fyrirkomulag og ef þið hafið spurningar þá hikið ekki við að hafa samband við skólann. Í 4. - 10. bekk geta foreldrar bókað tíma á namfus.is undir flísinni *foreldrafundur* (kennarar senda svo hlekk á fjarfund). Opnað verður fyrir bókanir á morgun. Kennarar í 1. - 3. bekk ræða samtölum niður og senda foreldrum fundartíma og hlekk á fjarfund.

Hvernig tek ég þátt í rafrænu námssamtali í gegnum Google Meet?

Umsjónarkennarar senda foreldrum/forráðamönnum boð um foreldrafund í tölvupósti sem fer fram á Google Meet á fyrirfram ákveðinni tímasetningu.


Ekki er nauðsynlegt að sækja nein öpp en hægt er að vera með Google Meet appið í snjalltækjum. Annars er best að vera í tölvu eða í síma með Chrome vafranum.

Í póstinum koma svona skilaboð:



Þið smellið á hlekkinn sem er fyrir neðan “Join with Google Meet”

Pá opnast Google Meet í vafra eða appi:



Parna er búið að gera “viðtalsherbergi” fyrir þá sem á fundinum verða. Til að “fara inn í herbergið” smellið þið á græna takkann **Join now** og leyfið aðgengi að myndavél og hljóðnema.

Nú ættu umsjónarkennarar að sjást á skjánum innan skamms.